

Hærukollur

Þegar háaldraður maður í Aþenu kom til þess að horfa á sýningu í leikhúsinu og enginn af samborgurum hans bauð honum sæti, vildi svo til að hann gekk fram á fulltrúa Spartverja. Snortnir af aldri mannsins sýndu þeir hærukolli hans og elli virðingu með þeirri háttþrýði að rísa úr sætum og skipuðu honum í öndvegi meðal sín. Er lýðurinn sá það vegsamaði hann sómakennð erlendar borgar með háværu lófataki. Menn herma að þá hafi einn Spartverjanna sagt, „Svo að Aþeningar vita hvað er rétt að gera en hirða ekki um að gera það.“

Geir Þórarinn Þórarinsson þýddi úr latínu

Valerius Maximus var að störfum á fyrri hluta 1. aldar. Hann var höfundur safns stuttra sagna, *Facta et dicta memorabilia* (*Minnisverðar gjörðir og orð*) í níu bókum og var tileinkað Tiberíusi keisara, sem ríkti á árunum 14–37. Sagan um hærukollinn er úr því safni (4.5 ext. 2) en í safninu er aragrúi af stuttum sögum og dæmum um hvers kyns dygðir og lesti, skapgerðareinkenni og hnyttin tilsvör. Sögunum er raðað eftir þemum og skipt í rómversk dæmi og erlend. Líklega var safninu ætlað að gagnast ræðumönnum í ræðusmíðum. Verkið nauð nokkurra vinsælda á miðöldum.